

Reykjavík 13. mars 2020

Umsögn Sambands íslenskra framhaldsskólanema um drög að tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030

Samband íslenskra framhaldsskólanema (framvegis SÍF eða Sambandið) fagnar því að verið sé að líta til framtíðar og gera ráðstafanir til lengri tíma í menntamálum á Íslandi. Menntun er mannréttindi og íslenskt menntakerfi þarf að endurspegla það.

Þingsályktunartillagan nær yfir marga þætti sem þarf að efla í íslensku samfélagi, þá sér í lagi aðgengi til náms; starfs-, iðn- og tækninám; heilsu nemenda og lýðræði. Til að ná að efla þættina sem tilagan nær tilþarf að setja fram raunhæf og mælanleg markmið og sýna orð í verki.

Sambandið telur þingsályktunartillöguna vera skref í átt að bættu menntakerfi þó eru atriði sem vert er að taka til sérstakrar skoðunar:

Jöfn tækifæri allra til náms

Í kafla B undir *áherslur 2020-2030* er talað um „...að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, farsæld og menntun hvers og eins.“ SÍF tekur undir þessi orð og undirstrikar mikilvægi þess að meta fyrri menntun nemenda með erlendan bakgrunn að verðleikum. Oft eru nemendur með erlendan bakgrunn hópaðir saman við komu til landsins. Ekki tekið tillit til mismunandi skoðana og þess menntunarstigs sem þeir hafa lokið og fá allir þessir einstaklingar oft sömu kennslu. Til þess að þessir einstaklingar njóti sín í námi og nái að nýta sína þekkingu þarf að innrita þá á það námsþrep sem þeir tilheyra. Annað heftir viðkomandi nemendur.

Væntingar til nemenda

SÍF er sammála því að það þurfi að vinna með áhugasvið og styrkleika nemenda og vill ítreka það að óformlegt nám þurfi að fá meira rými í íslensku menntakerfi. Tómskundaiðkun af ýmsu tagi þarf að vera metin til eininga til þess að nemendur fái þá hvatningu sem þeir þurfa til að sinna sínu áhugasviði.

Í kafla B undir áherslur 2020-2023 segir að „...auknar væntingar verða gerðar til nemenda um þrautseigju, árangur í námi og að ljúka námi á tilsettum tíma að teknu tilliti til þarfa og aðstæðna,“ en til þess að nemendur ljúki námi á tilsettum tíma þarf einnig að vera komið til móts við þá með auknum stuðningi á vegum skóla og einstaklingsmiðuðu námi. Geðraskanir hrjá ungt fólk í miklum mæli. Haustið 2017 hættu 141 framhaldsskólanemendur í skóla vegna andlegra veikinda að eigin sögn.¹ Hafa ber í huga að þessi tala gerir ekki ráð fyrir þeim einstaklingum sem eiga við andleg veikindi að stríða eða gáfu upp aðra ástæðu brotthvarfs, eins og brot á mætingarreglum eða áhugaleysi sem helstu ástæðu brotthvarfsins. Samkvæmt Hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá árinu 2014 ljúka einungis 44% nemenda framhaldsskóla á tilsettum tíma.²

Ef auka á væntingar til nemenda, þarf stuðningur og þjónusta að vera til staðar sem gerir nemendum kleift að sinna sínu námi.

Áhrif nemenda á eigið nám og nemendalýðræði

Eins og nefnt er í þingsályktunartillögum þá skal ávallt hafa hag nemenda í fyrirúmi þegar kemur að menntun. Til að tryggja greiða aðkomu nemenda að ákvarðanatöku þarf að efla lýðræði innan sem og utan framhaldsskóla. Nemendalýðræði er nauðsynlegt til þess að vekja áhuga ungmenna á lýðræði í landinu en þar sem mörg mál nemenda koma upp á borðið hjá SÍF teljum við það nauðsynlegt að skýrari línur séu settar í lögum varðandi nemendafélög framhaldsskóla og aðkomu þeirra að hagsmunamálum innan síns skóla. Í [39.gr.](#) laga um framhaldsskóla segir; „Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti. Nemendafélög starfa á ábyrgð skóla.“

¹ Menntamálastofnun, 2018, “aðgerðir gegn brotthvarfi - staða verkefnis - febrúar 2018”, https://www.mms.is/sites/mms.is/files/adgerdir_gegn_brotthvarfi_stoduskvyrsla_febru_ar_2018.pdf

² Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014, “Hvítbók um umbætur í menntun”, https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

SÍF telur að þingsályktunartillagan taki ekki á aðkomu nemenda og þá sérstaklega aðkomu nemendafélaga að ákvarðanatöku innan síns skóla. Mikilvægt er valdefla nemendur og komið sé fram við þá sem jafningja.

Líðan og námsumhverfi

Í greinagerð 16 á bls. 16 segir; „...markmiðið er að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni auk þess að byggja upp menningu virðingar og jafningjasamskipta þar sem ofbeldi og áreitni fær ekki þrífist.“ SÍF er sammála því að grípa þurfi til aðgerða áður en ofbeldi á sér stað. En því miður verður að gera ráð fyrir því versta. Álagið er gríðarlegt á þeim sem hafa orðið fyrir einhverskonar ofbeldi og mörg ungmenni treysta sér ekki til að leita til lögreglunnar og því þurfa skólar að vera viðbúinir með áætlun til að takast á við mál af þessum toga. Því er það grundvallaratriði að framhaldsskólar séu með áætlanir til að tryggja að þeir séu í stakk búinir að takast á við ofbeldi innan síns skóla.

Ábyrgð

Í greinagerð 20 á bls. 20 segir; „...þá þarf að skoða vel og greina þá skóla og þá fræðsluaðila sem standa sig vel og læra af því sem vel er gert,“ í sambandi við þá skóla sem standa sig vel í að auka virkni nemenda í lýðræðisþátttöku. Sambandið vill benda á að síðan 2016 hefur SÍF, í samstarfi við Landssamband ungmennafélaga (LUF), unnið að aukinni lýðræðisvitund ungs fólks með lýðræðisátakinu [#ÉGKÝS](#). Í þriggung (árin 2016, 2017, 2018) hafa verið haldnar skuggakosningar sem miða að því að hvetja ungt fólk til að kjósa eftir upplýstri ákvörðun í von um að kosningaþátttaka þeirra aukist. Eftirfylgnikannanir hafa meðal annars leitt í ljós að þeir nemendur sem tóku þátt í skuggakosningum voru líklegri til að kjósa í alþingiskosningunum en þeir sem ekki tóku þátt í skuggakosningum.³

Efling Starfs-, iðn- og tæknináms

SÍF fagnar auknum áherslum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á starfs- iðn- og tæknináms. Starfs- iðn- og tæknináms veitir nemendum tækifæri til að sækja nám

³ Lokaskýrsla #ÉgKÝs 2016: <http://egkys.is/wp-content/uploads/2017/09/lokaskrsla-gks.pdf>

sem er innan síns áhugasviðs og gefur þeim kost á að iðka námið samhliða því að læra inn á starfssvið greinarinnar. SÍF telur að starfs- iðn- og tækninám eigi undir högg að sækja þegar kemur að fjármögnun og valdeflingu. Starfs- iðn- og tækninemar á Íslandi njóta ekki sömu réttinda og starfs- iðn- og tækninemar á hinum Norðurlöndunum, til dæmis að þeir hljóti ekki fjármagnsstyrk til að sækja sitt nám og telur SÍF að það sé ábótavant.

Sambandið tekur undir mikilvægi þess að kynna framhaldsskólanám vel og snemma fyrir ungmönnum sem eru að taka sín fyrstu skref í átt að frekari menntun eftir grunnskóla.

Fyrir hönd Sambands íslenskra framhaldsskólanema,



Jóhanna Steina, forseti SÍF